

VIÐFANGSEFNI RANNSÓKNA

Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Rannsóknastarfsemi við Hjúkrunarfræðideild tekur til flestra sviða hjúkrunar- og ljósmóðurfræði. Þessu skjali er ætlað að varpa ljósi á rannsóknastarfsemina með það að meginmarkmiði að upplýsa þá sem hyggjast stunda framhaldsnám á einhverju fræðasviða hjúkrunar- og ljósmóðurfræða. Fyrir þá sem velta fyrir sér framhaldsnámi getur reynst gagnlegt að íhuga hvaða sérsvið þeir kjósa sér og um leið mögulegan leiðbeinanda. Fyrir þá sem hyggja á klínískt meistaranám er það ekki skilyrði. Hins vegar þurfa þeir sem stefna á rannsóknatengd framhaldsnám – meistara- eða doktorsnám- að hafa gert samning við leiðbeinanda áður en nám hefst.

Varðandi frekari upplýsingar um framhaldsnám skal bent á að hafa samband við verkefnastjóra framhaldsnáms Margréti Gunnarsdóttur (maggagu@hi.is)



Birna G. Flygenring, lektor
Sérsvið: Hjúkrunarstjórnun
Netfang: bgf@hi.is

Viðfangsefnið er hjúkrunarstjórnun. Síðastliðin ár hef ég unnið að rannsóknum á starfsánægju hjúkrunardeildarstjóra, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, streitu í starfi þeirra, ástæðum brottfalls úr starfi og kannað hvaða þættir í vinnuumhverfi þeirra hafi áhrif þar á. Ég hef jafnframt fengist við rannsóknir á þessum hugtökum meðal hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í kjölfar endurskipulagningar og niðurskurðar á heilbrigðisstofnunum.

Í undirbúningi er rannsókn á vinnuumhverfi ungra hjúkrunarfræðinga, streitu í starfi þeirra, starfsánægju og brottfalli úr starfi. Rannsóknin miðar að því að kanna hvaða þættir í starfi ungra hjúkrunarfræðinga hafi áhrif á starfsánægju þeirra og streitu og hvort kynslóðarmunur hefur áhrif þar á. Einnig er leitast við að kanna hvaða þættir styrkja festu þeirra í starfi til þess að stuðla að því að minnka brottfall úr starfi.



Brynja Örlygsdóttir, dósent
Sérsvið: Heilsugæsluhjúkrun
Netfang: brynjaor@hi.is

Rannsóknaráherslur mínar eru á sviði heilsugæsluhjúkrunar. Ég hef unnið meginlegar rannsóknir á heilsuefningu, líkamlegu og andlegu heilbrigði hópa í samfélaginu og þá sérstaklega skólabarna. Ég er einnig þátttakandi í rannsóknarhóp frá Landspítala og heilsugæslunni sem er að skoða næringu og svefn síðfyrirbura. Næsta verkefni mitt verður m.a. um heilsulæsi.



Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor
Sérsvið: Fjölskyldur, heilbrigði og heilsuefning
Forstöðumaður fræðasviðs í fjölskylduhjúkrun.
Netfang: eks@hi.is

Ég er prófessor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og kenni nemendum í BS, MS og doktorsnámi við deildina. Námskeiðin sem ég kenni eru heilsugæsla samfélagsins, hagnýting meginlegrar aðferðarfræði, klínísk færni í fjölskylduhjúkrun, auk þess sem ég kenni í doktorsseminarinu. Ég hef leiðbeint fjölmörgum nemendum í BS og MS náminu hjá okkur og er einnig leiðbeinandi nemenda í doktorsnámi við Hjúkrunarfræðideild.

Rannsóknir mínar síðastliðna áratugi hafa beinst að því að þróa meðferðir fyrir fjölskyldur sem eru að fást við langvinna og bráða sjúkdóma, eða heilsufarsvanda af ýmsum toga. Til að mynda hef ég unnið að því að þróa og prófa meðferðir fyrir fjölskyldur sem eru að fást við krabbamein, sykursýki, astma, ADHD, átröskun, gigt, flogaveiki og Alzheimer. Auk þess hef ég ásamt innlendum og erlendum samstarfsmönnum mínum rannsakað heilsuefningu skólabarna, ofbeldi í fjölskyldum og áhrif ofbeldis á lífsgæði og heilsufar. Ég er formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun við Landspítala.



Guðrún Kristjánsdóttir
Sérsvið: Barnahjúkrun
Forstöðumaður fræðasviðs barnahjúkrunar
Netfang: gkrist@hi.is

Ég hef unnið að fjölpættum verkefnum til að afla þekkingar um börn og foreldra í fjölpættu samhengi í lífi þeirra og störfum til að geta fundið leiðir til að mæta þeim með viðeigandi hjúkrun s.s. með eftirliti, meðferðum eða annað sem gæti bætt líf þeirra og líðan. Líðan, lífsmörk og verkir meðal barna er áhersla í rannsóknum mínum sem fer þvert á aldur barna og samhengi þeirra s.s. veikindi, sjúkrahúsvist og skólagöngu. Verkefni eru í gangi þar sem prófaðar eru mæliaðferðir til að meta verki og meðhöndla börn við verkjum og skoða líðan veikra barna s.s. barna í íþyngjandi lyfjameðferð og nýfæddra veikra barna. Skoðað er hvernig foreldrum barna líður og hver er útbreiðsla og samhengi álags á þau s.s vegna langvinnra veikinda, ferðalaga með barn í meðferð erlendis. Líðan og heilsa skólabarna á Íslandi er langtíma verkefni. Skoðuð er útbreiðsla og samhengi verkja meðal skólabarna. Unnið er að kortlagningu á útbreiðslu verkja af ólíku tagi og hvaða þættir spili saman og hvað börnin sjálf gera til að taka á sínum vanda s.s. verkjalyfjanotkun ofl. Einnig er skoðuð andleg og líkamleg líðan og samskipti skólabarna sín á milli s.s. einelti, hreyfing og íþróttaiðkun og áhrif þess á heilsu og líðan.



Helga Bragadóttir, dósent
Sérsvið: Hjúkrunarstjórnun
Forstöðumaður fræðasviðs í hjúkrunarstjórnun
Netfang: helgabra@hi.is

Ég er með meistarapróf í barnahjúkrun og hjúkrunarstjórnun og doktorspróf í hjúkrunarstjórnun frá University of Iowa. Rannsóknir mínar snúa að gæðum og öryggi í hjúkrun og heilbrigðisþjónustu með áherslu á vinnu og vinnuumhverfi, öryggi sjúklinga og starfsmanna og fagmennsku. Síðustu 10 ár hef ég unnið að rannsóknarverkefnum um vinnu og vinnuumhverfi hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, meðal annars með áhorfsrannsóknum, rýnihópaviðtölum og spurningalistakönnunum. Fjölmargir nemendur og samstarfsaðilar hafa tekið þátt í þeirri vinnu með góðum árangri. Ég vinn nú að rannsóknum á óframkvæmdri hjúkrun og teymisvinnu í samstarfi við erlenda fræðimenn. Tengsl hjúkrunar og teymisvinnu eru skoðuð og hver þáttur mönnunar, starfsánægju og einkenna starfsmanna og vinnustaða er í gæðum hjúkrunar og öryggi sjúklinga. Hjúkrun skiptir sköpum fyrir afdrif sjúklinga og þar gegnir teymisvinna lykil hlutverki. Þau rannsóknaverkefni sem liggja fyrir hjá mér og samstarfsfólki mínu lúta að virði vinnu hjúkrunarfræðinga á bráðamóttöku og óframkvæmdri hjúkrun, teymisvinnu og forystu á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum. Um fjölmörg verkefni er að ræða og eru áhugasamir og metnaðarfullir nemendur boðnir velkomnir til samstarfs.



Helga Jónsdóttir er prófessor
Sérsvið: Langveikir fullorðnir
Forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna
Netfang: helgaj@hi.is

Ég hef fengist við eigindlegar og megingdlegar rannsóknir á reynslu, einkennum og líðan fólks með ýmsa langvinna sjúkdóma. Niðurstöður rannsókna hafa m.a. varpað nýju ljósi á glímu einstaklinga og fjölskyldna við langvinna lungnateppu, reynslu þeirra sem hafa lifað af hjartastopp, erfiðleika fólks sem fengið hefur heilablóðfall við að matast, reynslu og þróun á gaumstoli hjá fólki sem fengið hefur heilablóðfall, reynslu fólks með alvarlegan psoriasis og reynslu fólks með Mannabindi lektín-skort.

Ég hef einnig þróað og rannsakað hjúkrunarmeðferðir og hjúkrunarþjónustu fyrir nokkra hópa langveika sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Ég er ábyrgðarmaður á íslenska hluta samnorrænnar rannsóknar á þróun og mati á æfingartækjum ActivABLES fyrir einstaklinga með heilablóðfall. Ég tek þátt í rannsóknum á þróun á klínísku mati og meðferð fyrir einstaklinga með gaumstol eftir slag í hægra heilahveli og fjölskyldur þeirra. Í undirbúningi er m.a. rannsókn á inntaki og árangri samráðs til eflingar heilbrigðis hjá einstaklingum með langtenginn lungnasjúkdóm og fjölskyldum þeirra.

Í mörgum þessara rannsókna hafa meistara- og doktorsnemendur unnið rannsóknir sínar til prófgráða.



Herdís Sveinsdóttir, prófessor
Sérsvið: Aðgerðasjúklingar
Forstöðumaður fræðasviðs aðgerasjúklina
Netfang: herdis@hi.is

- Líðan skurðsjúklinga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri á sjúkradeild og heima sex vikum síðar
- Ákjósanleg færni og raunfærni hjúkrunarfræðinga
- Sjálfshlutgervingu kvenna og viðhorf þeirra til blæðinga
- Starfsumhverfi á skurðlækningasviði Landspítala



Hildur Sigurðardóttir, lektor
Sérsvið: Barneignir og erfiðar áskoranir; sjálfsöryggi kvenna gagnvart fæðingu; fæðingarótti; áfallastreitueinkenni; lífsgæði foreldra sem takast á við ófrjósemi og meðferð henni tengdri.
Netfang: hildusig@hi.is

Ég hef staðið fyrir þýðingum og forprófunum á þekktum mælitækjum sem skoða líðan og reynslu mæðra og foreldra sem takast á við hinar ýmsu áskoranir sem barneignarreynsla getur falið í sér. Þetta eru m.a. mælitæki sem skoða sjálfsöryggi kvenna gagnvart brjóstagiöf annars vegar og fæðingunni hins vegar; viðhorf kvenna og reynslu af fæðingunni – þar sem bæði má nefna mælitæki sem mælir fæðingaróttu kvenna og áfallastreitueinkenni. Auk þessa mælitækja er nú í vinnslu þýðing og væntanleg forprófun mælitækisins Fertiqol sem metur lífsgæði foreldra sem takast á við ófrjósemi og

meðferð henni tengdri. Jafnhliða því að þróa stuðnings- og meðferðarþjónustu fyrir mæður og foreldra sem glíma við erfiða líðan vegna þeirra lífsbreytinga sem barneignarreynslan hefur kallað á er stefnt að því að meta árangur þjónustunnar með meðferðarrannsóknum. Mælitækin sem þróuð hafa verið myndu þá nýtast sem skimunar-, mats- og meðferðartæki í umönnun móður og foreldra þar sem unnið er hverju sinni út frá undirliggjandi vanda. Vonast er til að hagnýting mælitækjanna verði til þess að gripið verði fyrr inn í með stuðningi við þá foreldra sem glíma við erfiðar áskoranir og vanlíðan tengdri barneignareynslu þeirra og þannig stuðlað að fyrirbyggingu á þróun alvarlegri geðrænna vandamála.



Ingibjörg Hjaltadóttir, aðjúnt
Sérsvið: Öldrunarhjúkrun
Forstöðumaður fræðasviðs í öldrunarhjúkrun
Netfang: ingihj@hi.is

Rannsóknarverkefni sem ég vinn að: Rannsókn á afþreyingu, virkni og viðbótarmeðferðum á íslenskum hjúkrunarheimilum; Norræn rannsókn ActivABLES, þróun og mati á æfingartækjum fyrir einstaklinga með heilablóðfal; Heilsufar og færni íbúa á íslenskum hjúkrunarheimilum (sykursýki, lifun, verkir, endurhæfing); Rannsóknarverkefni tengt innleiðingu

InterRAI Heilsumatstækja fyrir aldraða á Landspítala: Komuskimun aldraðra á Bráðamóttöku, Komumat aldraðra á Bráðamóttöku og Innlagnarmat aldraðra á bráðeildum og öldrunarteymi.

Ég hef unnið að rannsóknum á sviði öldrunarhjúkrunar og þverfaglegum rannsóknum á sviði öldrunarfræða. Rannsóknirnar hafa bæði verið eigindlegar og megindelegar og fjallað um: lífsgæði aldraðra á hjúkrunarheimilum, mönnunarmódel í öldrunarhjúkrun, gæði í öldrunarhjúkrun, næringarástand aldraðara á sjúkrahúsi og meðferð með aðstoð dýra. Ennfremur hef ég unnið að ýmisum rannsóknarverkefnum þar sem mælitækið Resident Assessment Instrument (RAI) hefur verið notað þ.e.a.s. RAI mat á hjúkrunarheimilum, RAI mat á öldrunarlækningadeildum, RAI mat í líknarþjónustu og RAI mat í heimaþjónustu.



Kristín Björnsdóttir, prófessor
Sérsvið: Heimahjúkrun
Netfang: kristbj@hi.is

Núverandi rannsóknasvið mitt er heimahjúkrun. Ég legg áherslu á að skoða starfshætti (practice) innan heimahjúkrunar og einbeiti mér einnig að rannsóknum á líðan og aðstæðum þeirra sem njóta heimahjúkrun og fjölskyldna þeirra. Ásamt meistaranemendum mínum hef ég rannsakað samvinnu ólíkra starfshópa og samþættingu starfsemi heimahjúkrunar og félagsþjónustu. Auk þess hef ég rannsakað samþættingu heimahjúkrunar og bráðþjónustu. Jafnframt hafa rannsóknir mínar hafa beinst að heilsufari og líðan fólks sem býr heima og nýtur heimahjúkrunar. Í því sambandi hef ég fjallað um heilsu hrumra eldri borgara, fólks með langt gengna hjartabilun og sem stendur vinn ég að rannsókn á aðstæðum fólks með heilabilun og aðstandenda þeirra. Markmið hennar er að styrkja heimaþjónustu fyrir þennan ört vaxandi hóp einstaklinga. Loks hef ég fjallað um stefnumörkun stjórnvalda hvað snertir uppbyggingu heimaþjónustu

og siðfræðileg álitamál í heimaþjónustu. Áhugi minn beinist að því að þróa leiðir til að efla heilsufar og líðan fólks sem nýtur heimahjúkrunar, aðstæður aðstandenda sem annast um fólk sem býr heima og fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heimilum. Má þar nefna notkun tækni í umönnun og þróun starfsaðferða í heimahjúkrun. Ég legg áherslu á tilvistarleg viðfangsefni og siðfræðileg álitamál í velferðarþjónustu. Loks hef ég rannsakað sögu hjúkrunar á Íslandi og fjallað um hugmyndasögu hjúkrunar.



Marianne Elisabeth Klinke, nýdoktor
Sérsvið: Taugahjúkrun og endurhæfing
Netfang: mek4@hi.is

Innan sviðsins tauga- og endurhæfingarhjúkrunar hef ég unnið að rannsóknum, gæða- og þróunarverkefnum sem snúa að ýmsum hópum taugasjúklinga. Ég hef notað eigindlegar, meginlegar og blandaðar rannsóknaraðferðir og mismunandi gerðir fræðilegra yfirlita til þess að varpa ljósi á upplifun sjúklinga með taugasjúkdóma. Auk þess hef ég unnið að þróun mælitækja sem taka mið af reynslu og áskorunum einstaklinga ásamt því að finna og sannreyna meðferðarúrræði.

Í núverandi rannsóknarstöðu fæst ég við rannsóknir á reynslu, mati og meðferð sjúklinga með gaumstol eftir heilaskaða og munu niðurstöður væntanlega nýtast hjúkrun í bráðafasa, endurhæfingu og fram yfir útskrift. Sérstakt áhugasvið mitt er efling aðferða til að fá innsýn í reynsluheim sjúklinga með gaumstol, aðrar tegundir af vitrænni skerðingu og tjáskiptaerfiðleika, en þessum einstaklingum reynist erfitt að setja orð á líðan sína og þarfir. Fyrir utan þessi viðfangsefni hef ég rannsakað erfiðleika við að borða eftir heilablóðfall og þróað og innleitt klínískar leiðbeiningar. Einnig hef ég unnið með samþættingu og nýtingu þekkingar. Meðal annars gert kerfisbundið fræðilegt yfirlit yfir meginlegar íhlutunnarrannsóknir, hugtakagreiningu, samþættingu eigindlegra rannsóknargreina (meta-aggregation) og samþætt fræðileg yfirlit. Viðfangsefnin hafa verið víðtæk, m.a. tengd heilablóðfalli, krabbameini, kynlífserfiðleikum og gjörgæslumeðferðum.

Ég legg áherslu á að viðfangsefnin sem ég fæst við hafi klíniska skírskotun.



Páll Biering, dósent
Sérsvið: Geðhjúkrun
Netfang: pb@hi.is

Ég vinn nú, ásamt klínískum sérfræðingum á geðsviði LSH, að rannsóknaráætlun sem ber heitið „Tengsl þjónustu og meðferðar við lífsgæði og bata fólks með alvarlega geðsjúkdóma“

Tilgangur rannsóknarinnar verður að kanna árangur heilbrigðis- og félagsþjónustu eins og hann birtist í bataferli og lífsgæðum fólks með langvinna og alvarlega geðsjúkdóma. Notuð verður blönduð rannsóknaraðferð (mixed method). Í meginlegu hluta rannsóknarinnar verður beitt aðlöguðu tilraunasniði, nánar tiltekið interrupted time-series design, í þeim tilgangi að kanna tengsl þjónustuúrræða og íhlutunar heilbrigðisstarfsfólks við uppfyllingu þjónustubarfa og lífsgæði þátttakenda. Í eigindlega þættinum verður stuðst við túlkunarfræðilega aðferð. Könnuð verður reynsla þátttakenda af geðheilbrigðisþjónustu og

félagslegum stuðningi í þeim tilgangi að svara spurningunni hvaða þættir þjónustunnar þeir telja að styrki bataferli þeirra og lífsgæði. Leitað verður eftir þátttöku. allra sem hafa, í fimm ár eða lengur, verið greindir með alvarlega geðsjúkdóma og leggjast inn á móttökudeildir geðdeilda frá september 2016 til september 2017 og/eða njóta endurhæfingar á Geðsviði LSH á sama tíma. Áætlað er að rannsóknin taki tvö til þrjú ár.

Um er að ræða fjölbreytta og viðamikla rannsókn með góðum námstækifærum fyrir meistara og doktorsnema.



Sigríður Zoëga, lektor
Sérsvið: Verkjameðferð
Netfang: szoega@hi.is

Rannsóknáherslur: Áherslur mínar beinast að því að þróa áhrifaríkar leiðir við mat og meðferð einkenna hjá sjúklingum, einkum mati og meðferð verkja. Meðal rannsóknaverkefna sem ég hef hug á að vinna er að skoða einkenni sjúklinga á sjúkrahúsum, algengi þeirra, styrk, hvaða einkenni sjúklingar telja erfiðust og áhrif þeirra á lífsgæði sjúklinga. Þá hef ég áhuga á að rannsaka þátttöku sjúklinga í verkjameðferð og hvaða áhrif þátttaka þeirra hefur á líðan þeirra og bata. Skoða þarf að hve miklu leyti sjúklingar vilja taka þátt í meðferð og í framhaldi af því leita leiða til að virkja þátttöku þeirra. Rannsaka þarf hvort, og þá hvernig, hægt er að nýta tækni svo sem snjallsíma og spjaldtölvur til að miðla upplýsingum til sjúklinga og gera þá að virkum þátttakendum í meðferð sinni.

Rannsóknarverkefni í gangi:

1. Algengi og áhættuþættir fyrir naloxone notkun hjá innliggjandi sjúklingum á Landspítala. Verkefnið býður upp á tækifæri til að skoða áhættuþætti fyrir öndunarbælingu og meðvitundarskerðingu og leita leiða til að bæta eftirlit og fyrirbyggja alvarlega fylgikvilla ópíóíðanotkunar.
 2. Þróun spurningalista til að meta þekkingu og viðhorf sjúklinga til verkjameðferðar eftir skurðaðgerð. Verkefnið býður upp á tækifæri til að taka þátt í þróun listans og meta áreiðanleika og réttmæti hans.
-



Sóley Sesselja Bender, prófessor
Sérsvið: Kynheilbrigði
Forstöðumaður fræðasviðs um kynheilbrigði
Netfang: ssb@hi.is

Rannsóknaráherslur mínar í gegnum tíðina hafa verið á sviði Kynheilbrigðis, bæði kynlífsheilbrigði og frjósemisheilbrigði. Ég hef unnið að rannsóknum um kynfræðslu, kynheilbrigðisþjónustu, unglingsmæður, þunganir unglingsstúlkna, kynhegðun unglunga en einnig kynlíf á meðgöngu og eftir fæðingu. Tvær landskannanir hafa verið gerðar, árið 1996 og 2009, á viðhorfum ungs fólks til kynheilbrigðisþjónstu. Það er gagnasafn sem hægt er að vinna úr á margvíslega vegu. Í tengslum við þróun þverfræðilegs náms á heilbrigðisvísindasviði hefur á síðustu árum verið unnið að rannsóknum á því sviði og eru nú í gangi tvær rannsóknir. Önnur þeirra er eiginleg þar sem tekin hafa

verið viðtöl við klíniska leiðbeinendur á Heilsutorgi háskólanema. Hin rannsóknin er könnun meðal nemenda á Heilsutorgi til að skoða þverfræðilegt klínískt samstarf. Verið er að þróa matstæki, til að meta þverfræðilegt samstarf, í samvinnu við University of East Anglia í Bretlandi og fyrirhugað að leggja fyrir næsta haust. Vorið 2016 fer fram forprófun á skimunartækinu HEILUNG (HEIL vísar til heilbrigðis og UNG til unglunga) sem hefur verið í þróun á síðustu árum og er ætlað til að meta heilbrigði unglunga í framhaldsskólum. Í framhaldi af forprófun þess verður ákveðið með frekari rannsókni. Nemendur sem hafa áhuga á kynheilbrigðismálum eða þverfræðilegri samvinnu eru hvattir til að hafa samband við mig.



Þóra Jenný Gunnarsdóttir, dósent
Sérsvið: Viðbótarmeðferðir
Netfang: thoraj@hi.is

Mitt rannsóknasvið hefur aðallega tengst viðbótarmeðferðum í hjúkrun eins og t.d. nuddi, núvitund og slökun. Ég hef verið að skoða notkun þessara meðferða til sjúklinga á Landspítalanum og áhrifa ýmissa viðbótarmeðferða á einkenni sjúklinga. Einnig hef ég verið að skoða lífsgæði nýrnasjúklinga og þjónustuform, reynslu fólks með alvarlegan psoriasis, upplifun af núvitund, áhrif Tea tree olíu á cellulitis og áhrif svæðanudds á vefjagigt. Nýlega hef ég verið að vinna að undirbúningi á rannsókn á virkni, afþreyingu og viðbótarmeðferðum á hjúkrunarheimilum á Íslandi.



Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, lektor
Sérsvið: Bráðahjúkrun
Forstöðumaður fræðasviðs bráðahjúkrunar
Netfang: thordist@hi.is

Rannsóknarverkefni:

- Erlendir ferðamenn sem leita bráðaþjónustu á Íslandi.
- Faraldsfræði áverkadaða barna á Íslandi 1980-2010.
- Komur og endurkomur aldaðra á bráðamóttökum LSH 2008-12.
- Lyfjasaga lyfjafræðinga við innlögn á Landspítala.
- Samanburður á skimunartækjum til að meta þörf eldra fólks fyrir sérhæfð úrræði við komu á bráðamóttöku.
- Innleiðing Ottawa mats á ökklaáverkum
- Skilgreining hæfniviðmiða og hæfnimats fyrir hjúkrunarfræðinga á bráðamóttökunni í Fossvogi
- Áhrif efnahagshrunsins á Íslandi á dánartíðni, sjúkdómstíðni og sjálfsskaða.
- Látnir í umferðaslysum á Íslandi .
- Næringarmeðferð gjörgæslusjúklinga fyrir og eftir fræðslu og innleiðslu endurskoðaðra vinnuleiðbeininga.
- Líðan og lífsgæði karlmannna sem fara í blöðruhálskirtilsbrotnám – LAPPRO framsýn fjölsetra rannsókn í Svíþjóð.
- Brotnám á blöðruhálskirtli með aðstoð þjarka á Íslandi: Áhrif legu og bólstrunar sjúklinga í aðgerð á útkomur þeirra eftir aðgerð.